



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/134

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 126/1953*  
*komudagur 23.4.2001*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,  
landbúnaðarnefnd,  
150 Reykjavík.

20. apríl 2001

**Boðsent!**

**Efni: Um fyrirspurn landbúnaðarnefndar Alþingis til Sambands íslenskra tryggingafélaga (S.Í.T.) vegna frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, 389. mál.**

Í bréfi landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 6. þ.m., til S.Í.T. er frá því greint, að í tengslum við ofangreint þingmál, hafi sú spurning vaknað, hvort æskilegt sé að í frumvarpið verði tekið upp ákvæði þess efnis, að rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar skv. lögnum skuli skylt að taka ábyrgðartryggingu vegna tjóns þriðja aðila, t.d. eigenda laxveiðiáa. Vegna þessa er í bréfinu fjórum fyrirspurnum beint til S.Í.T. Hér á eftir verður leitast við að svara þeim í örstuttu máli.

- 1. Stendur rekstrarleyfishöfum fiskeldis- og hafbeitarstöðva hér á landi til boða, innanlands eða á Evrópska efnahagssvæðinu, ábyrgðartrygging vegna hugsanlegs tjóns þriðja aðila?**

Hlutverk ábyrgðartryggingu er einmitt að greiða bætur vegna tjóns, sem þriðji aðili verður fyrir, og váttryggingartakinn ber ábyrgð á. Ábyrgðartryggingar geta verið frjálssar, þ.e. í þeirri merkingu að mönnum er í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupi sér slíka vernd eða láti það ógert, eða verið skyldutryggingar, oftast skv. lögum. Hér á landi eins og í flestum ríkjum öðrum stendur atvinnurekendum eða fyrirtækjum til boða, að kaupa ábyrgðartryggingu vegna hlutaðeigandi starfsemi. Er hér um frjálsa váttryggingu að ræða, sem flest fyrirtæki taka þó. Almennur tekur ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á fyrirtækið (váttryggðan) vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfseminnar. Í almennum skilmálum, og einnig í sérskilmálum fyrir einstakar atvinnugreinar, er gildis- eða bótasviði váttryggingarinnar lýst, þ.m.t. undanskildar áhættur. Tilhögun ábyrgðartrygginga fyrir atvinnurekstur hér á landi eru í samræmi við það, sem m.a. tíðkast á hinum Norðurlöndunum. **Rekstrarleyfishöfum fiskeldis- og hafbeitarstöðva stendur að sjálfsögðu til boða að kaupa slíka ábyrgðartryggingu, rétt eins og öðrum atvinnurekendum. Hafa fiskeldisfyrirtæki í áranna rás tekið þessar váttryggingar.**

- 2. Til hvers konar tjóna tekur slík trygging, og hvaða tjón eru undanskilin, ef boðið er upp á slíka tryggingu?**

Hér verður eingöngu stiklað á stóru, en sem áður getur eru bætur greiddar vegna bæði líkams- og eignatjóna, sem rakin verða til starfseminnar, enda verði tjónið vegna skyndilegs og óvænts atburðar. Jafnframt tekur váttryggingin til svonefndrar skaðsemisábyrgðar sem fellur á fyrirtækið vegna líkamstjóns eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika seldrar vöru fyrirtækisins, enda hafi tjónið orðið eftir afhendingu söluvörunnar. Almennt er að finna í skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hér á landi sérstakt ákvæði um mengunartjón. Er þar gerður greinarmunur annars vegar á tjóni, sem verður smám saman, og hins vegar tjóni sem verður skyndilega. Eingöngu þau mengunartjón bætast, sem orðið hafa vegna skyndilegs og óvænts atburðar. Í sérskildaga fyrir fiskeldisstöðvar, sem fylgir hinum almennu skilmálum segir efnislega, að váttryggingin taki ekki til tjóns af völdum sýkingar frá fiskum, seiðum, hrognum, eða svilum, sem váttryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis.

### 3. Hvert er árlegt iðgjald slíkrar tryggingar ef hún stendur til boða?

Við ákvörðun iðgjalds í ábyrgðartryggingum atvinnureksturs getur verið horft til ýmissa þátta, s.s. veltu, vinnulauna, fjölda starfsmanna og starfsgreina, véla- og tækjakosts fyrirtækisins o.s.frv. Allt fer þetta eftir eðli máls, hvaða váttryggjandi á í hlut o.fl. Algengt er þó að starfsmönnum sé skipað í áhættuflokka eftir eðli starfa, skrifstofufólk er t.a.m. í lægri áhættuflokki heldur en þeir sem starfa við landbúnað. Iðgjald er svo reiknað í 0/00 (prómillum) af launum. Undirritaður hefur kannað lauslega hjá nokkrum váttryggingafélögum hugsanlegt iðgjald fyrir ábyrgðartryggingar vegna fiskeldisstöðva. Gæti það verið á bilinu 2 ½ 0/00 til 4 ½ 0/00 af launum, allt eftir samsetningu/eðli starfa.

### 4. Ef ekki hefur verið boðið upp á slíka tryggingu, út frá hvaða forsendum yrði slík trygging metin, hvert gæti hugsanlegt iðgjald verið, til hvaða tjóna gæti slík trygging náð og hvaða tjón yrðu hugsanlega undanskilin?

Í bréfi landbúnaðarnefndar er í inngangi sérstaklega nefnd tjón eigenda laxveiðiáa, sem rakin verða til fiskeldis- og hafbeitarstöðvar, og hvort slík tjón gætu fengist bætt úr ábyrgðartryggingu. Af svörum hér að framan verður leitt, að eigendur laxveiðiáa gætu, rétt eins og aðrir tjónþolar, í einhverjum tilvikum fengið tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu fiskeldisfyrirtækisins. Felist í fyrirspurnarbréfi landbúnaðarnefndar beiðni um álit á því, hvort ábyrgðartryggingar mundu bæta veiðiréttareigendum tjón, sem kynni að hljótask af því, að eldisfiskur blandaðist villtum laxi í ám landsins eða jafnvel útrýmði villtum stofnum, er því fljótsvarað. Ábyrgðartryggingar miðast ekki við að bæta tjón af þessu tagi. Undirrituðum er ekki kunnugt um, að ábyrgðartryggingar váttryggingafélaga í öðrum nágrennaríkjum Íslendinga geri slíkt. Er það að vonum, þar sem hér um að ræða hagsmuni, sem eru ill- eða óváttryggjanlegir.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Ármannsson